

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík 12. júní 2019
UST201901-276/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 10.05. 2019, hjá Loxum Fiskeldi ehf., Þorlákshöfn

Þann 10. maí sl. fór fram eftirlit í Laxa Fiskeldi ehf., Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Umhverfismarkmið áttu að liggja fyrir 1. febrúar 2018. Markmiðin voru send eftirlitsaðila þann 9. maí sl. Frávikinu telst því lokið.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslid. Engin hreinsun er á frárennslí stöðvarinnar og greinileg merki eru um fódurleifar við útrás. Skv. rekstraraðila stendur til að setja rist í færeying við hvert eldisker og grófhreinsa frárennslid þannig áður en því er veitt til sjávar.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka átti fyrsta sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennslí fyrir 1. maí 2018 og annarri mælingu átti að vera lokið fyrir árslok 2018. Fyrsta mæling fór ekki fram fyrir en 9. apríl sl.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir undangengið ár fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga. Nánari útlistun á frávíki er undir Umfang eftirlits hér að ofan. Frávikinu telst lokið.
5. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí ár hvert. Frestur var veittur til 17. maí frá eftirfylgni. Grænt bókhald fyrir 2018 barst 17. maí sl, leiðrétt gögn þann 24. maí og frávikinu telst lokið.
6. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og er heimilit að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður. Skráningar bárust ekki fyrir 1. maí sl. en fullnægjandi gögn bárust 24. maí sl. og frávikinu telst því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. júlí, 2019.

Virðingarfyllst

Hulda S Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson

Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Laxar fiskeldi ehf.	Dags. eftirlits: 10.02.2019	Staðsetning stöðvar: Laxabraut, Þorlákshöfn	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 621205-1370	Gildistími starfsleyfis: 08.11.2033	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Seiðaeildi, allt að 500 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Skv. stöðvarstjóra var framleiðsla 2018 um 500 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Fyrsta eftirlit eftir útgáfu starfsleyfis. Tvö ný ker voru tekin í notkun á seinustu vikum. Verið er að vinna í að setja tvöfalda oliugeyma og klára frágang á svæðinu. Til stendur að auka vatnsnotkun úr 1700L/s með aukinni dælingu.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Daglegar skráningar og svo skráð í Fishtalk. Fóðurnotkun einnig skráð í fóðurtölvu.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Barst ekki fyrir 1. maí, frestur á eftirfylgni veittur til 17.maí. Rekstraraðili sendi auknar skráningar og gögn 24. maí, sem teljast fullnægjandi.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Barst ekki fyrir 1. maí, frestur á eftirfylgni veittur til 17.maí. GB barst 17. maí og leiðrétt bókhald í kjölfar athugasemda eftirlitsmanns barst 24. maí.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	X			Í eftirlitsheimsókn óskaði eftirlitsaðili eftir frekari uppfærslum. Uppfærðar áætlanir bárust 20. maí sl.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Já, gilt skírteini hefur borist.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Eftirlitsaðili óskaði eftir frekari uppfærslu. Uppfærsla hefur borist.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		X		Umhverfismarkmið bárust 9.5.19 en áttu að berast fyrir 1.feb 2018. Eftirlitsaðili hefur óskað eftir uppfærslu markmiðanna og skv. rekstraraðila er það í vinnslu.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurtölva sem reiknar og fódri blásið.
Er skráning á losun fósfor og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Mælt þann 10.apríl sl. Hækkun á köfnunarefni milli inntaks og frárennsli 0.1 mg/L, engin mælanleg hækkun á fosfór, næmni aðferðar ekki nægileg til að sjá mun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?		X		Hvorki sást olía né froða, set né útfellingar. Fóðurleifar saúst hinsvegar í í lyggu og greinileg merki um skít/fastefni í frárennsli. Myndir hafa verið teknar á tveggja mánaða fresti í samræmi við starfsleyfi. Myndir apríl og maí mánaðar bárust eftirlitsaðila 20. maí sl. Engin óeðlileg lykt eða uppgufun var og ekki sást fiskur í frárennsli.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.		X		Frárennsli er í tvennu lagi frá kerjum og sameinast við útrás, nokkrum metrum frá. Vatnið rennur eftir klettum nokkra metra út í sjó. Engin hreinsun er á frárennslinu. Skv. rekstraraðila stendur til að setja

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				rist í færeying við hvert eldisker og grófhreinsa frárennslid þannig áður en því er veitt til sjávar.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Ekki mælt.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				Afföll hafa farið í almennt sorp, meltutankur var í smíði þegar vettvangsheimsóknin fór fram og 20. maí barst mynd af uppsetningu hans. Annar úrgangur fer óflokkaður til móttökuaðlila sem skv. rekstraraðila flokkar á móttökustað. Rekstraraðili hyggst í framtíðinni flokka úrgang sjálfur og skila inn.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Mælingar fóru ekki fram fyrir tilskyldan tíma.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.		X		COD, TOC og BOD ₅ mælt 10. apríl sl. skilað 7. maí sl. Svifagnir vantaði en voru mældar í vatnssýnum eftir á, 16.maí og niðurstöður bárust UST 20. maí. Mæla átti tvisvar fyrir áramót sem var ekki gert.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				COD, TOC, eða BOD ₅ og svifagnir eftir 3 ár. Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrsta eftirlit Umhverfisstofunar.

Samantekt:

Ný seiðastöð Laxa ehf í Þorlákshöfn. Stöðin tekur frá minni seiðum frá stöðvum fyrirtækisins að Bakka og Fiskalóni. Smolt eru svo flutt úr stöðinni í kvíar fyrirtækisins á austfjörðum.

Framkvæmdir eru enn á svæðinu en umgangur góður miðað við það. Allur búnaður á svæðinu er nýr og í góðu standi, en engin hreinsun er hinsvegar á

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

	<p>frárennsli. Bæta þarf flokkun og meðhöndlun úrgangs. Óskað var eftir uppfærslu áætlana og umhverfismarkmiða. Uppfærðar áætlanir bárust 20.maí.</p> <p>Ljósavél er á svæðinu með olíu en hún er í þró innandyra.</p>
Annað:	<p>Eftirlitsaðili vekur athygli á því að tvær mælingar áttu að fara fram á árinu 2018 og á þriggja ára fresti eftir það. Skv. því ætti næsta mæling að fara fram árið 2021. Eftirlitsaðili óskar hinsvegar eftir, þar sem engin mæling var gerð árið 2018, að næsta mæling fari fram fyrir árslok 2019, og svo í kjölfarið árið 2021 og á þriggja ára fresti eftir það.</p> <p>Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Laxabraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6212051370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Þór Gíslason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Soffía Karen Magnúsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlitsheimsóknina og þrjár ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrstu eftirlitsheimsókn í fiskeldið hjá Löxum ehf í Þorlákshöfn. Stöðin er ný og enn eru framkvæmdir á svæðinu við uppbyggingu og frágang.

Nánari lýsing á frávikum frá gr. 4.4 í starfsleyfi. Frestur var veittur til 17. maí frá eftirfylgni með frávikinu. Grænt bókhald vegna 2018 sem rekstraraðili sendi inn 17. maí sl. uppfyllti ekki skilyrði starfsleyfis til að fullnægja skilum ársyfirlits. Rekstraraðili sendi auknar skráningar og gögn 24 maí, sem teljast fullnægjandi. Frávikinu telst því lokið.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Umhverfismarkmið áttu að liggja fyrir 1. febrúar 2018. Markmiðin voru send eftirlitsaðila þann 9. maí sl. Frávikinu telst því lokið.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusiu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslíð. Engin hreinsun er á frárennslí stöðvarinnar og greinileg merki eru um fódurleifar við útrás. Skv. rekstraraðila stendur til að setja rist í færeying við hvert eldisker og grófhreinsa frárennslíð þannig áður en því er veitt til sjávar.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Taka átti fyrsta sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennslí fyrir 1. maí 2018 og annarri mælingu átti að vera lokið fyrir árslok 2018. Fyrsta mæling fór ekki fram fyrr en 9. apríl sl.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir undangengið ár fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga. Nánari útlitun á frávikum er undir Umfang eftirlits hér að ofan. Frávikinu telst lokið.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí ár hvert. Frestur var veittur til 17. maí frá eftirfylgni. Grænt bókhald fyrir 2018 barst 17. maí sl, leiðrétt gögn þann 24. maí og frávikinu telst lokið.
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og er heimilitt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður. Skráningar bárust ekki fyrir 1. maí sl. en fullnægjandi gögn bárust 24. maí sl. og frávikinu

telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að skv. starfsleyfi skal rekstraraðili fylgjast með losun næringarefna með útreikningum út frá innihaldi fódurs. Stofnunin óskar eftir því að þessir útreikningar, á forminu kg/frameitt tonn fiskjar séu framvegis í ársyfirliti rekstraraðila.

Eftirlitsaðili óskar eftir því að framvegis verði ársyfirliti skilað í sér skjali eða ef sameina á skilin skilum á grænu bókhaldi að skjalið verði nefnt grænt bókhald og ársyfirlit og það uppfylli skilyrði beggja, sbr. gr. 4.3 og 4.4. í starfsleyfi.

Einnig vill stofnunin vekja athygli á því að tvær mælingar áttu að fara fram á árinu 2018 og á þriggja ára fresti eftir það. Skv. því ætti næsta mæling að fara fram árið 2021. Eftirlitsaðili óskar hinsvegar eftir, þar sem engin mæling var gerð árið 2018, að næsta mæling fari fram fyrir árslok 2019, og svo í kjölfarið árið 2021 og á þriggja ára fresti eftir það.

ANNAD

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Reykjavík, 12.06.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir

bis. 4